



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráð um sérstök úrræði í heimaskólum**

Á fundi borgarráðs sem haldinn var 6. október 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundaráði að skoða fleiri úrræði innan heimaskólanna fyrir börn sem af einhverjum orsökum geta ekki stundað nám í almennum bekk. Hér er átt við smærri, fámennari hópa þar sem börnin fá þjónustu við hæfi. Brúarskóli og Klettaskóli eru báðir sprungnir og er biðlisti í báða. Börn sem koma í Brúarskóla ættu að vera búinn að fá tækifæri til að vera í minni hóp í sínum heimaskóla þar sem er minna áreiti og þar sem hægt er að sinna þeim á einstaklingsgrunni. Ef svigrúm væri fyrir þetta þá myndu biðlistar í sérskóla stytta. Ekki allar umsóknir sem koma inn í Brúarskóla eru tengdar ofbeldi þó svo að langflestar séu það. Hér er ekki átt við sérkennsluúrræðið. Í mörgum tilfellum eru börn sett í sérkennslu aðeins vegna þess að þau eru með hegðunarvanda. Þannig var sérkennsla ekki hugsuð þ.e. sem staður til að taka við börnum sem ekki gátu verið inn í bekk vegna hegðunarvandamála. Sérkennsluúrræðin er auk þess löngu sprungin.*

Greinargerð fylgdi tillögunni.

### **Umsögn skóla- og frístundasviðs:**

Tekið er undir mikilvægi þess að allir nemendur í grunnskólum borgarinnar fái þjónustu við hæfi og að þeim sem á þurfa að halda bjóðist fjölbreytt úrræði til náms og leiks. Skólar borgarinnar eru þegar með ýmis úrræði innan sinna veggja auk þess sem skólunum og nemendum bjóðast ýmis úrræði á vegum skóla- og frístundasviðs.

Með verkefninu *Betri borg fyrir börn* (BBB) var fjölgað sérfræðingum á miðstöðvum borgarinnar til að stuðla að aukinni og enn markvissari samþættingu þjónustu ólíkra fagstétta við börn og fjölskyldur. Á borgarmiðstöðvunum starfa t.d. kennsluráðgjafar sem vinna með kennurum sem þess óska að bæta bekkjarbrag, samskipti og skipulag skólastarfsins og námsumhverfis nemenda þannig að það henti öllum nemendum. Einnig eru starfandi á borgarmiðstöðvunum hegðunarráðgjafar sem leiðbeina kennurum vegna nemenda með hegðunar- og/eða tilfinningalega örðugleika sem valda þeim erfiðleikum við að tileinka sér nám og kennslu í skólastarfinu. Jafnframt eru starfandi á borgarmiðstöðvunum sálfræðingar sem aðstoða við að greina þarfir nemenda og gefa ráð og leiðbeina kennurum og foreldrum vegna barna með hegðunar-, samskipta-, náms- og/eða tilfinningalega erfiðleika.

Ný [lög um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#) þar sem öllum kerfum sem koma að þjónustu til handa börnum og fjölskyldum er uppálagt að fylgjast með, bregðast við og koma á



samstarfi í samráði við forsjáraðila. Þessi lög og innleiðing þeirra samhliða Betri borg fyrir börn gegnum breytt verklag, sameiginlegt húsnæði á miðstöðvum borgarinnar, dreifstýringu stjórnunar leik- og grunnskóla ásamt aukinni aðkomu frístundþjónustu eykur til muna líkurnar á markvissari þjónustu og ráðgjöf inn á vettvang skóla- og frístundastarfs borgarinnar. Ný áhersla mennta- og barnamálaráðuneytisins er að gera bæði skólaþjónustuna heildstæðari milli skólastiga sem og að innan skólanna verði til þrepaskiptur stuðningur sem einmitt er til þess fallinn að geta beitt aðferðum sem koma litlum hópum barna til góða með eflingu færni tiltekinna barna sem á þurfa að halda. Færni sem lítur m.a. að námi, hegðun, félagsfærni og líðan.

Tvö farteymi voru sett á laggirnar fyrir þremur árum til styðja kennara við að koma til móts við þarfir nemenda með hegðunar- og/eða tilfinningalega erfiðleika. Farteymin voru upphaflega tvö en hefur nú verið skipt niður á borgarmiðstöðvarnar til að jafna aðgengi barna og skóla að þjónustu þeirra. Farteymin voru hugsuð sem millistig milli aðkomu hegðunarráðgjafa og/eða annarra ráðgjafa skólaþjónustunnar að málum nemenda og að sótt væri um skólavist í Brúarskóla fyrir nemendur. Starfsmenn farteyma fara inn í skólana, greina vanda nemenda og leiðbeina kennurum um leiðir til að bæta námsumhverfi og kennsluhætti með hagsmuni þessara nemenda í huga. Ýmsar leiðir eru reyndar til að mæta þörfum þessa nemendahóps, s.s. að vinna einstaklingslega að verkefnum eða í minni hópum, styttri skóladagur og atvinnutengt nám þar sem nemendur í elstu árgögnum grunnskóla frá tækifæri til þátttöku í atvinnulífínu sem hluta af grunnskólanámi. Sú leið hefur reynst mörgum nemendum vel þar sem leitast er við að finna atvinnutækifæri sem byggja á styrkleikum og áhugasviðum einstaklinganna.

Mikil ásókn hefur verið í Klettaskóla og Brúarskóla á undanförunum árum og færri nemendur komist að en vilja. Stofnaður var á sínum tíma þáttökubekkur frá Klettaskóla í Árbæjarskóla til að nemendur búsettir austarlega í borginni og sem uppfylla skilyrði um inntöku í Klettaskóla væru í skóla nær heimili sínu. Einnig eru starfandi útibú frá Brúarskóla á tveimur stöðum í borginni, Brúarsel við Ingunnarskóla og Brúarhús við Húsaskóla. Að auki eru starfræktar sjö sérdeildir fyrir einhverfa nemendur þar sem starfar fagfólk með þekkingu og reynslu á því sviði. Þar fer nám og kennsla að jafnaði fram einstaklingslega eða í litlum hópum með þátttöku í bekkjarstarfi eins og hver og einn nemandi er fær um. Í ljós hefur komið aukin þörf fyrir sérstakan þáttökubekk frá Klettaskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna með fjölþættar stuðningsþarfir þar sem verulega hefur fjölgað í þessum hópi á undanförunum árum.

Á þessu ári var tekið upp nýtt reiknilíkan, Edda, við að úthluta fjármagni til skólanna vegna stuðnings við nemendur. Áhersla er á að sem flestir nemendur fái þjónustu í sínum heimaskóla. Nú er sérstaklega úthlutað til stöðu deildarstjóra stoðþjónustu sem hefur umsjón með og leiðir stoðþjónustu grunnskólanna fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Samkvæmt heildaráætlunum sem grunnskólar borgarinnar skila skrifstofu skóla- og frístundasviðs er stoðþjónustan skipulögð með þarfir nemenda í huga. Samkvæmt stefnu um skóla fyrir alla er áhersla á að stuðningurinn sé veittur í nánasta námsumhverfi nemenda eins og kostur er. Stefnt er að fjölbreyttari og skilvirkari stoðþjónustu í gegnum þrepaskipt úrræði og leiðir. Skólaþjónustan í Breiðholti er t.d. að innleiða [CRM líkan](#) sem byggir á samráðsfundum, mati og greiningum ásamt björgum og úrræðum. Deildarstjórar stoðþjónustu, kennarar og aðrir starfsmenn sinna þörfum nemenda ýmist einstaklingslega, í minni hópum eða inni í bekk eða stærri námshópi eftir því sem best er talið hverju sinni. Einstaka skólar hafa sett á laggirnar hegðunarver til að hjálpa nemendum að ná stjórn á hegðun sinni og læra jákvæð samskipti við aðra og allir skólar hafa sett sér stefnu um hegðun og samskipti, s.s. *PBS* og *Uppeldi til ábyrgðar*.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur á hverju ári í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands boðið kennurum upp á námskeið um félagsþroska og sjálfseflingu þar sem m.a. er unnið með bekkjarstjórnun og hegðunarmótun í hópi. Þessi námskeið hafa verið vel sótt og kennarar nýtt sér þau til að bæta námsumhverfi nemenda sinna.